



## LEI auðkenni lögaðila

Samtök fjármálafyrirtækja vekja athygli á að samkvæmt [fyrirmælum](#) Fjármálaeftirlitsins þurfa fjármálafyrirtæki að ganga úr skugga um að viðskiptavinir sem eru lögaðilar<sup>1</sup>, séu auðkenndir með svokölluðum LEI auðkennum áður en viðskipti með fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi, eru framkvæmd fyrir þeirra hönd. **SFF benda lögaðilum sem eiga í viðskiptum með fjármálagerninga að útvega sér LEI auðkenni tímanlega og snúa sér til fjármálafyrirtækja sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd ef óskað er frekari upplýsinga.**

Fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins gilda um viðskipti sem framkvæmd eru frá og með 3. janúar 2018.

Eftirfarandi lögaðilar þurfa að sækja um LEI auðkenni:

- Lögaðilar sem kaupa og selja fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.
- Fjármálafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.
- Útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.

Global Legal Entity Identifier Foundation (GLEIF) hefur umsjón með útgáfu LEI auðkenna. Sjá nánar [hér](#).

Hægt er að sækja um LEI auðkenni rafrænt á netinu gegn gjaldi hjá viðurkenndum erlendum útgefendum LEI auðkenna. Gildistími LEI auðkennis er eitt ár í senn og þurfa viðskiptavinir að endurnýja það árlega.

Aðilar sem afgreiða umsóknir um LEI auðkenni eru til dæmis þessir:<sup>2</sup>

- [NordLEI](#)
- [GMEI Utility](#)
- [LuxCSD](#)
- [ISEdirect](#)
- [Bloomberg LEI](#)
- [LSEG](#)

---

<sup>1</sup> Svo sem verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir, lífeyrissjóðir og lífeyrissjóðsdeildir, váttryggingafélög, sveitarfélög, stofnanir og félög.

<sup>2</sup> Athugið að fleiri aðilar afgreiða umsóknir um LEI auðkenni lögaðila og að útgefendur þeirra innheimta gjöld vegna þeirra.